

REGLUR um Bókmenntakynningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal Bókmenntakynningarsjóður, eftir því sem fjárheimildir leyfa:

Veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi.

Veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis.

Láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum.

Hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis.

Halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting á fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnina skal skipa til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum og verkefnum sem hún styrkir. Sjóðstjórnin gerir framkvæmdáætlanir fyrir hvert ár.

6. gr.

Sjóðstjórn getur með heimild menntamálaráðuneytisins rekið skrifstofu og ráðið starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að verkefnum sjóðsins, rekið skrifstofuna í samvinnu við aðra eða samið við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans. Einnig er stjórninni heimilt að taka að sér fleiri verkefni sem tengjast kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis svo framarlega sem kostnaður verði greiddur og það bitni ekki á verkefnum sjóðsins. Sjóðurinn annast eigin fjárreiður og vörslu sjóðsins eða felur það öðrum.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur nr. 456/1982 um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.